



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneyti  
Sölvhólsögðu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2020

2010027SA KB/vrb  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 2. október sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna.

Tilfni frumvarpsins er viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, sem undirritaður var 6. september 2019, um endurskoðun á svokölluðu kirkjujarðasamkomulagi en með samningnum er m.a. stefnt að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannámálum.

Í frumvarpinu koma fram grunnreglur um starfsemi og verkefni þjóðkirkjunnar. Það felur í sér mikla einföldun á gildandi regluverki en ráðgert er að flest ákvæði í gildandi lögum er varða innra starf þjóðkirkjunnar og skipulag hennar falli brott og um þau mál verði einungis fjallað á kirkjuþingi og hjá öðrum kirkjulegum stjórnvöldum. Miða breytingarnar að því að lýsa þjóðkirkjunni enn frekar en áður sem sjálfstæðu trúfélagi.

### **Afstaða sambandsins**

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við umrætt frumvarp. Hins vegar telur sambandið rétt, í samhengi við þá endurskoðun á lagaumhverfi þjóðkirkjunnar sem er að eiga sér stað, að vekja athygli á að eftir nýsamþykktar breytingar á lögum um Kristnisjóð nr. 35/1970 er eftirfarandi ákvæði 5. gr. eina ákvæðið sem eftir stendur í lögnum:

„Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.“


Í stefnumörkun sambandsins 2018-2020 segir að sambandið skuli vinna að „brottfalli lagaákvæða sem leggja kvaðir á sveitarfélög um útvegum lóða án endurgjalds.“ Þá er í samkomulagi ríkisins og sambandsins um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sem undirritaður var 30. september sl., sérstaklega tiltekið að viðræður skuli fara fram um skyldu sveitarfélaga til að úthluta lóðum án endurgjalds.

Umrætt ákvæði hefur verið lengi í lögum og stendur nú eitt eftir í lögum um Kristnisjóð eins og áður segir. Þá hafa þjóðfélagsbreytingar, aukin áhersla á virkt trúfrelsi og jafnræðissjóðarmið orðið til þess að önnur trú- og lífsskoðunarfélög en þjóðkirkjan hafa krafið sveitarfélög um lóðir án endurgjalds.

Með vísan til framangreinds telur sambandið tímabært að umrætt ákvæði verði tekið til endurskoðunar og beinir því til dómsmálaráðuneytisins að vinna við slíka endurskoðun verði hafin sem fyrst.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri